

**Eiríkur Rögnvaldsson:**

## **HVERJIR EIGA ÍSLENSKU?**

### **I. Inngangur**

Undanfarnar vikur hefur formaður Alþýðuflokksins ferðast um landið og haldið fundi undir kjörorðinu **Hverjir eiga Ísland?** Nú hef ég ekki farið á neinn þessara funda, þannig að ég get ekki sagt um það með fullri vissu hvernig hann hefur svarað spurningunni; en miðað við málflutning Alþýðuflokksmanna á síðustu árum þykist ég þó fara nærri um að hann hafi haldið því fram að **íslenska þjóðin** ætti Ísland, þó svo ýmsir vildu eigna sér stærri skerf en góðu hófi gegnir. Mér datt í hug þegar ég las grein Helga Hálfðanarsonar í Morgunblaðinu 24. apríl að hér þyrfti eiginlega að bæta við annarri spurningu: **Hverjir eiga íslensku?** Svarið hlýtur að vera það sama og við hinni fyrri, en ekki á það síður við hér að sumir þykist eiga stærri hlut í þessari sameign þjóðarinnar en aðrir. Það eru þeir sem telja sig þess umkomna að segja öðrum hvaða orð eigi að vera til í málinu, hvernig þau eigi að beygjast, og hvað þau eigi að merkja. Ég tel á hinn bóginn að þetta hljóti að byggjast á samkomulagi eigenda málsins, íslensku þjóðarinnar. Síst hef ég á móti því að "góðviljaðir menn og hjartahlýir" leiðbeini þjóðinni um það hvernig hún geti verndað þessa sameign sína sem best. En þeir geta ekki skipað henni fyrir verkum, enda er ég hræddur um að slíkar fyrirskipanir yrðu á endanum til lítils hvort eð er.

### **II. Eru ungir málfræðingar óþjóðhollir?**

Nú er langt frá því að ég hafi nokkra skemmtun af að standa í ritdeilum við Helga Hálfðanarson. Hins vegar er sitthvað í grein hans þess eðlis að undir því er ekki hægt að sitja þegjandi. Ég nefni fyrst eftirfarandi klausu:

Ýmsum verður tíðrætt um þá hvumleiðu áráttu, sem einkum er eignuð ungum og nýbökudum fræðimönnum, að kalla flest af því, sem til málverndar hefur talizt, óþarft og jafnvel skaðlegt. Málið eigi að fá að "þróast", svo sem verkast vilji, án afskipta einhverrar íhaldsamrar rekistefnu.

Þetta er allkunnuglegt. Svipað hefur sést og heyrst t.d. í þætti Sigurðar G. Tómassonar um Daglegt mál nú nýverið; í þætti Árna Böðvarssonar af sama tagi fyrir tveimur eða þremur árum; í þætti Jóns Aðalsteins Jónssonar um Íslenskt mál fyrir tveimur árum; í greinum Jóns Óskars í Lesbók Morgunblaðsins 1983; og ég veit ekki hvar og hvar. En oftast er þarna um að ræða dylgjur án tilvitnana. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að Helgi Hálfðanarson finni **hvergi** í skrifum "ungra og nýbakaðra fræðimanna", jafnvel ekki mínum, rök fyrir því sem segir í þessari klausu. Vissulega hafa bæði ég og fleiri látið í ljós efasemdir um réttmæti einstakra atriða, og jafnvel hafnað þeim alveg, en ég hef **aldrei** kallað "flest af því, sem til málverndar hefur talizt, óþarft og jafnvel skaðlegt". Ég bið Helga að lesa grein mína betur áður en hann haldi slíku fram næst. Ég segi t.d.:

Hins vegar skiptir það máli að þjóðin sé læs og skrifandi, og að málkerfið haldist óbreytt í aðalatriðum. Þar er það líklega beygingakerfið sem við þurfum að beina athyglinni að. Það er vegna þess að eins og allir vita hafa beygingar minnkað mikið í flestum skyldum málum, og mætti því búast við tilhneigingu til sömu þróunar í íslensku. Það væri mikill skaði [...]

Seinna í greininni stendur þetta:

Til að varðveita beygingakerfið duga engin boð eða bönn. Það eina sem dugur er æfing í að lesa, tala og skrifa íslensku.

Og enn síðar þetta:

Við eigum því að hætta að stagla í skólunum um aukaatriðin [...] en nota tímann þess í stað til að þjálfar nemendur í að lesa og að setja mál sitt skýrt og skipulega fram í ræðu og riti. Með því móti einu getum við varðveitt málið sem lifandi og frjótt tjáningartæki, sem er auðvitað það sem mestu máli skiptir.

Ef það er ekki málvernd að vilja vernda beygingakerfið, og hvetja til þess að fólk sé þjálfað í að lesa, tala og skrifa íslensku, þá veit ég ekki hvað málvernd er. Annars vil ég í þessu sambandi benda mönnum á að lesa vel grein Jóns Hilmarssonar í sömu **Skímu**, þar sem hann kveður niður þessa þjóðsögu um ábyrgðarleysi og óþjóðlegar skoðanir yngri málfræðinga.

### III. Rétt mál og rangt

Helgi reynir að telja lesendum trú um að ég komist í alvarlega mótsögn við sjálfan mig, e.t.v. vegna þess að "reiðareksmenn" (= ungir og nýbakaðir fræðimenn, væntanlega) "blygðist sín í aðra röndina fyrir firrurnar, svo að allt lendir í mótsögnum". Mótsögnin á að felast í því, að fyrst tel ég upp nokkur einstök atriði sem ég tel óþarft að berjast gegn, en hvet síðan til varðveislu beygingakerfisins, og þykir Helga sem "hér slái heldur betur í baksegl", og spyr: "Og hvernig á beygingakerfið og málkerfið allt að haldast óbreytt, nema eitt sé kallað öðru réttara?" Helgi hefur maklega hlotið óskorað lof fyrir þýðingar á ýmsum öndvegisverkum. Enginn dregur í efa að með þeim hafi hann gert íslenskri tungu ómetanlegt gagn; og síst dettur mér í hug að neita því að Helgi sé óvenju mikill smekkmáður á íslenskt mál. En hann verður ekki málfræðingur fyrir það. Og í tilvitnuninni hér á undan kemur fram, að því er virðist, algert skilningsleysi hans á þeim mun sem er á **einangruðum málbreytingum** og **kerfisbreytingum**. Málkerfið þarf ekki að bíða neinn skaða af því t.d. þótt einstök orð flytjist milli beygingarflokka eða breyti um merkingu. Þess vegna getur málkerfið sem heild haldist óbreytt þótt farið sé að segja *tugs* í stað *tugar*, *læknirar* í stað *læknar*, *dingla* í stað *hringja*. Til að vernda málkerfið þarf ekki að kalla annað hinu réttara. Hér er áður komið fram hvaða aðferðum ég vil beita við verndun málkerfisins; þ.e. æfingu í að lesa, skrifa og tala íslensku. Og ég held því fram að þar sé verið að ráðast að rótum vandans - þess vanda sem vissulega er fyrir hendi, eins og ég tala talsvert um í grein minni, að máluppeldi er nú gjörólíkt því sem áður var, og því erfiðara að varðveita samhengi málsins. Ef svokallaðar málvillur, breytingar á beygingu, framburði og merkingu orða, eru nú algengari og ásæknari en áður, þá er það afleiðing, en ekki orsök. Í lokapætti mínum um **Daglegt mál** í útvarpinu sl. haust sagði ég:

Ef menn vilja í raun og veru hægja á málbreytingum, halda málinu u.þ.b. á því stigi sem það er á nú, þýðir ekki annað en gera móðurmálskenndslunni mun hærra undir höfði en gert hefur verið á undanförunum árum, og verja til hennar stórauðnum tíma. Það er út í hött að ætlast til að nemendur meðtaki fyrirmyndarmálið jafnauðveldlega nú, þegar þeir þurfa að læra það meira og minna í skólum, og á tímum kvöldvöku, rímnakveðskapar og húslestra. En það er eins og menn berji hausnum við steininn, og átti sig ekki á þeim breyttu aðstæðum sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu. Að ætlast til að nemendur nú á tímum læri sömu íslensku og afar þeirra og ömmur töluðu án meiri kenndslu er óraunhæf

krafa og ósanngjörn bæði gagnvart kennurum og nemendum. Við þurfum að gera okkur þetta ljóst, og gera síðan upp við okkur hvort við erum reiðubúin til að veita íslenskukennslunni þennan aukna tíma, eða hvort við ætlum að slá af kröfum gullaldarmálsins. Þarna verður ekki bæði sleppt og haldið, og þörf á ákveðinni stefnumótun í þessum málum verður sífellt brýnni.

Þetta stend ég enn við, og eitt meginefni Skímugreinar minnar er einmitt sú ábending að sömu **aðferðir** til málverndar og voru góðar og gildar fyrir nokkrum áratugum eigi ekki lengur við vegna gerbreyttra þjóðfélagshátta. Hér er ekki rúm til að rekja rök mín fyrir því, og Helga er auðvitað fullkomlega heimilt að vera á annarri skoðun. En í nafni sanngirninnar hefði samt verið eðlilegt að hann hefði látið þess getið, í stað þess að koma því að hjá lesendum Morgunblaðsins að ástæðan fyrir því að ég hafna ýmsum atriðum hinnar hefðbundnu málstefnu sé sú að ég hafi orðið fyrir áhrifum frá "fræðum útlendinga" og "þeim kærulausa tíðaranda sem kennir sig við frjálslyndi", hafi "ánetjast þessari frjálslyndis-tízku", sé haldinn "einhverri misskilinni vinstripólítík", sé "sú "fimmta herdeild", sem mest hætta stafar af", o.s.frv. Og má ég bæta við að þótt Helgi vilji gera því skóna að "Eiríkur hafi ekki til hlítar áttað sig á því hvað hann hefur [...] misst út úr sér", tel ég enn og aftur að þeim takmarkaða tíma sem gefst sé margfalt betur varið til að þjálfra nemendur í að tala, lesa og skrifa íslensku en í að stagla um einstök atriði. Mér þykir líka illt hvernig Helgi slítur úr samhengi ýmsar klausur úr Skímugrein minni. Hann tekur t.d. þessa málsgrein:

Það ætti að vera ljóst af framansögðu að ég vil ekki hafa neinn dómstól sem geti dæmt eitt rétt en annað rangt.

Um þetta segir Helgi:

Eftir því líka hreinskilni þarf víst engan að undra, þótt Eiríkur telji þá aðferð, sem beitt er í **Gætum tungunnar**, heldur vonda. Raunar skilur þar svo mjög á milli, að naumast er nokkur umræðugrundvöllur eftir látinn.

Mér hefði þótt eðlilegt að Helgi hefði tekið svolítið lengri tilvitnun úr grein minni. Framhaldið er nefnilega þetta:

Þegar spurt er hvort tiltekið atriði sé rétt eða rangt vil ég ekki svara því beint. Ég vil geta frætt fyrirspyrjanda um sem flest sem máli skiptir í þessu sambandi, s.s. hvað sé elst, hvað sé útbreiddast, hvaða atriði séu hliðstæð í málinu o.s.frv.; sem sagt, gefa fyrirspyrjanda sem flestar forsendur til að byggja sitt eigið val eða dóm á.

Ég bið menn að athuga að ég er **ekki** að segja að allt sé rétt. Ég er að segja að ég vilji ekki dæma eitt rétt en annað rangt, og á þessu tvennu er meginmunur, sem Helgi virðist ekki hafa áttað sig á. Ég skil ekki hvers vegna síðasta tilvitnunin úr grein minni getur ekki verið umræðugrundvöllur okkar Helga. Varla er hann á móti fræðslu um málið, sögu þess og sérkenni? Eða er hann andvígur því að framantalin atriði skipti máli um mat á réttu og röngu? Ég vil ekki ætla honum það, enda ljóst að a.m.k. aldurinn skiptir hann máli. En hvað er þá? Snýst þá málið bara um það að Helgi vill að "máleigendur" dæmi fyrir aðra?

#### IV. Leyfðar breytingar og bannaðar

Ég vil líka benda á að það er langt frá því að ég sé algerlega einn á báti í umræddu hefti **Skímu**.

Því til sönnunar leyfi ég mér að vitna til lokaorða greinar Stefáns Karlssonar:

Lifandi mál hlýtur alltaf að breytast. Með málrækt, sem hefur samhengið í íslensku máli að einu aðalmarkmiði sínu, verður einlægt að leitast við að sporna við óþörfum breytingum sem geta átt þátt í að rjúfa þetta samhengi. Leiðbeininga er þörf í þessum efnum. Á hinn bóginn er hæpið að verja miklum hluta af þeim takmarkaða tíma sem til málræktar gefst í skólum til þess að reyna að útrýma orðum og beygingarmyndum sem þegar eiga sér langa - stundum aldagamlá - hefð í málinu. Vænlegra til árangurs í ræktunarstarfi hygg ég að sé að hafa meira af góðu máli fyrir nemendum - bæði töluðu og rituðu. Það eykur orðaforða, stílskyn og næmi á fegurð móðurmálsins.

Þetta samrýmist alveg megininntaki greinar minnar. Við Stefán erum sammála um það að þjálfun í að lesa og hlusta á móðurmálið sé mikilvæg, svo og varðveisla málkerfisins, en barátta gegn einstökum orðum og beygingarmyndum sé oft ekkert meginatriði. Að vísu býst ég við að okkur gæti greint á um það í sumum tilvikum **hvaða** breytingar séu óþarfar og líklegar til þess að rjúfa samhengi málsins; en það er bitamunur en ekki fjár, því að grundvallarviðhorfið er það sama. Og fleiri eru sömu skoðunar og ég um margt. Í grein Helga segir:

En það er fleira en beygingakerfið sem skiptir máli, þegar rætt er um málvernd. Ekki er síður meginnaúðsyn að merkingar orðanna fái að vera í friði, að tiltekið orð eða orðasamband fari ekki að merkja eitt í dag og annað á morgun. Verulegar merkingarbreytingar yrðu að líkindum fremur en flest annað til að rjúfa tímasamfellu málsins. En reiðarekssinnar virðast einnig láta sér það í léttu rúmi liggja.

Svo kemur tilvitnun í grein mína. En ekki væri síður ástæða til að taka aðra tilvitnun í sama hefti **Skímu**:

Þá hef ég engan ótta af merkingarbreytingum orða enda margvísleg dæmi þess á öllum öldum [...]

Þarf frekari vitnanna við? Og þó - sú grein sem þessi tilvitnun er tekin úr er hins vegar ekki eftir reiðareksmanninn Eirík Rögnvaldsson, heldur eftir Matthías Johannessen ritstjóra. Er hann kannski orðinn reiðarekssinni líka? Eða ungur nýbakaður fræðimaður? Og ekki er allt búið enn; Matthías heldur áfram:

[...] í Árna sögu byskups Þorlákssonar [...] er einnig talað um framferðir, hjálpir, skynsemdir og samvizkur, og orðið kosning er þar í karlkyni, kosningur. Ekkert af þessu þætti "rétt" mál í dag en auðvitað er það jafn rétt og annað sem við segjum með góðri samvizku nú um stundir. Þá tel ég ekkert stórmál hvort menn segja ég dreymdi, mig dreymdi eða mér dreymdi draum, því að allar munu þessar myndir vera til í fornu máli ef vel er að gáð.

Af hverju mótmælir Helgi þessu ekki? Hann sem segir að

[...] hvaða vit væri að telja öll fordæmi frá fyrri öldum jafngóð? Að sjálfsögðu voru fornir höfundar ekki óskeikulir fremur en vér dauðlegir menn á öllum öldum. Enda er alkunna, að orðmyndir, sem almennt kallast villur, koma fyrir í virðulegum fornritum.

Þetta er einmitt meginvandi íslenskrar málstefnu, eins og ég var að reyna að benda á í **Skímu**; hana skortir föst og ákveðin viðmið; það er tilviljanakennt hvað er leyft og hvað er bannað.

Matthías virðist hafa tilhneigingu til að viðurkenna það sem dæmi eru um úr fornu máli; þar er a.m.k. komin einhver föst viðmiðun, þótt deila megi um hvort hún sé alltaf heppileg eða auðveld í notkun. En ef sumt af því sem fornmenn skrifuðu eru "málvillur", þótt flest sé gullaldarmál - hver á þá að skera úr? Á það að vera hlutverk Helga Hálfðanarsonar eða annarra málvöndunarmanna á tuttugustu öld að segja hvað af því sem við finnum á fornum bókum sé rétt mál og hvað rangt? Í grein minni sagði ég m.a. í þessu sambandi:

Mér er t.d. alls ekki ljóst hvers vegna lögð er áhersla á "réttu" beygingu orða eins og **læknir**, en orð eins og **köttur**, **fjörður** og **háttur** mega vera **ketti**, **firði** og **hætti** í þf.ft. [...] Af hverju má orðið **sími** fara að merkja 'telefon' í stað 'þráður', en sögnin **dingla** má ekki fara að merkja 'hringja'? Manni er líka sagt að það megi ekki segja **líta við** í merkingunni 'koma við' eða 'líta inn', því að **líta við** merki 'líta um öxl'; en af hverju má þá nota **koma við** í merkingunni 'líta inn', þó að **koma við** merki líka 'snerta'?

Athugið að **hér** er ég ekkert að segja að ég sé á móti því að leggja áherslu á að beygja *læknir* um *lækni* (þótt ég segi síðar í greininni að ég telji það óþarft); né heldur að segja að mér finnist allt í lagi að *dingla* merki 'hringja' og *líta við* merki 'líta inn'. Ég er hér aðeins að benda á það ósamræmi sem ríkir í mati á réttu og röngu, sem ég held að geri menn oft ruglaða í ríminu. Og mig langar líka til að vita hvaða umboð einstakir menn hafa til að ákveða að eitthvert orð skuli breyta um merkingu (eins og *sími*). En fyrir Helga virðist þetta ekki vera neitt ósamræmi. Hann hefur nefnilega sinn hæstarétt um tilvist og merkingu orða:

Við spurningu Eiríks um sögnina **dingla** og **líta við** og **koma við** hygg ég ráðlegast að leita svara í orðabók Sigfúsar Blöndals eða Árna Böðvarssonar og láta sér lynda það sem þar er sagt.

Að vísu tekur Helgi fram að "Auðvitað er engin orðabók gallalaus fremur en önnur mannaverk". Í orðum hans hér að framan kemur þó fram ótrúleg oftrú á gildi orðabóka sem tæmandi heimildar um hvaða orð séu til í málinu og hvað þau merki. Ég held að flestum sem hafa notað þessar orðabækur sé ljóst hve fjarri fer því að í þeim sé alltaf hinn endanlega sannleik að finna. Árni telur í formála sinnar bókar að hún hafi að geyma um 85.000 uppflettiorð. Í safni Orðabókar Háskólans munu þau vera um 600.000. Ég er hræddur um að því fari líka fjarri að allar merkingar og merkingartilbrigði orðanna 85.000 hafi komist til skila í bók Árna, og er það hvorki sagt höfundu né bók til lasts. Og þar að auki efast ég nú um að Helgi væri tilbúinn að viðurkenna allt sem þar segir. Þar er t.d. gefin athugasemdalaust ft. *keppnir* af no. *keppni*, og svo er einnig í viðbæti Orðabókar Blöndals (1963). Í frumútgáfu þeirrar síðarnefndu er orðið hins vegar sagt óbeygjanlegt. En verður fleirtalan þá "rétt" þegar hún er tekin upp í orðabók? Ég efast um að Helgi sé á því máli, enda man ég ekki betur en hann skrifaði grein í Morgunblaðið í ársbyrjun 1984, þar sem hann hafnaði þessari fleirtölu. Og hvernig eigum við vesalingar þá að vita hvenær óhætt sé að treysta orðabókum? - Annað dæmi: Helgi segir í grein sinni að sig "svíði í fóhornið". Hvað merkir *fóhorn* hér? Ekki finn ég viðeigandi merkingu í orðabók. Þriðja dæmi: orðið *hvortveggi* og beyging þess er Helga mikið hjartans mál; en eins og ég benti á í **Skímu** er þetta orð sagt "forældet" eða "úrelt" í Orðabók Blöndals. Sem sagt: Orðabækur eru því aðeins marktækar að álit þeirra fari saman við málkennd Helga Hálfðanarsonar - eða hvað?

## VI. Niðurrifsöflin í skólunum

Það er ýmislegt fleira í grein Helga sem byggist á misskilningi og mig langar að gera athugasemdir við. Þar er einkum að nefna skoðanir hans á gildi málrannsóknna fyrir

málverndarstarf, og orð hans um málfarslega stéttaskiptingu. En þessi grein er víst orðin nógu löng, þannig að þetta verður að bíða betri tíma. Að lokum má ég þó til að gera athugasemdir við alvarlegustu atriðin í grein Helga, frá mínum sjónarhóli a.m.k. Það eru þessar þrjár klausur:

Og þegar þess er gætt, að hér talar maður, sem kennir kennaraefnum íslenzku í Háskóla Íslands, þá er kannski varla von á miklum árangri af málverndarstarfi í skólum. [...] Víst mætti svo virðast sem viðleitni til málverndar komi fyrir lítið, ef jafnharðan er beinlínis unnið gegn henni, jafnvel í sjálfum skólum landsins. [...] En íslenzkir menn, sem ryðja niðurrifsöflum braut inn í móðurmálið og kappkosta að brjóta niður varnir þess og viðnámsvilja, jafnvel undir yfirskini málverndar, reynast þegar verst gegnir sú "fimmta herdeild", sem mest hætta stafar af.

Í fyrstu klausunni er átt við mig, og ég get ekki annað en tekið hinar til mín líka, miðað við málflutning Helga í greininni. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo að Helgi telji mig bregðast því trausti sem mér hafi verið sýnt; að kenna móðurmálið við æðsta skóla landsins. Þetta er ákaflega alvarleg ásökun, og það eina sem ég get gert er að gera grein fyrir máli mínu. Í kennslu minni kem ég oft að tilbrigðum í máli - bæði þeim sem eru mállýskubundin og þá yfirleitt bæði (öll) viðurkennd, og eins hinum þar sem eitt er talið rétt og annað rangt. Ég reyni eftir bestu samvisku að gera nemendum grein fyrir þessum tilbrigðum, af hverju þau stafi, hver sé staða þeirra í málkerfinu, og, ef um það er að ræða, hvers vegna annað sé viðurkennt en hitt talið villa. Þetta síðasta veldur þó oft erfiðleikum, og er raunar undirrot þess að ég talaði um "skipulagsleysi" málstefnunnar í grein minni í **Skímu**. Ég segi nemendum ekki að **allt** sé rétt. En ég segi þeim ekki heldur hvað **þeim** eigi að finnast rétt og rangt. Ef ég gerði það, væri ég að bregðast skyldum mínum sem kennari við háskóla, enda verður að ætla nemendum á þessu stigi þann þroska að þeir geti dæmt þar um sjálfir. Finnist Helga og öðrum þetta fráleit afstaða, þá þykir mér það slæmt, en við því er ekkert að gera; ég hlýt að starfa í samræmi við sannfæringu mína.